

90

Samkvæmt þessu úrskurðast, að hreppsnefndirnar í hinum ferna Holtshreppi skuli greiða til Sauðárhrepps 252 kr. 34 a. til endurgjalds á sveitarstyrk veittum Sölva Jónssyni fardagaárið 1902—1903.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutað-eigandi hreppsnefndum.

91

13. ágúst

**Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austur-
amtinu um sveitfesti þurfalings.** — Með brjefi dags. 9. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Lýtingsstaðahreppi, þar sem hún áfrýjar úrskurði yðar uppkveðnum 20. jan. þ. á. um að Lárus nokkur Skúlason skuli teljast sveitlægur í tjeðum hreppi.

Það er viðurkennt, að Lárus þessi Skúlason er fæddur í Lýtingsstaðahreppi og að hann hafi eptir 16 ára aldur dvalið samfleytt í Akrahreppi 10 ár, en hreppsnefndin í Akrahreppi heldur því fram, að Lýtingsstaðahreppur hafi með löglegum samningi tekizt þá skuldbinding á hendur, að Lárus þessi skyldi eigi verða Akrahreppi til þyngsla, þó hann fullkomnaði þar 10 ára veru sína. Til sönnunar þessu hefur hún fært vottorð úr brjefabók Skagafjarðarsýslu frá 12. ágúst 1868 svohljóðandi:

»Áteiknun á skuldbindingarbrjef hreppstjóranna í Lýtingsstaðahreppi, að Lárus nokkur Skúlason skuli ekki verða Akrahreppi til neinna þyngsla, þó hann fullkomni þar 10 ára veru sína.

— — — — —
Pareð mjer er kunnugt, að Gísli bóndi Stefánsson í Flatatungu vill ekki halda Lárus Skúlason lengur, nema hreppstjórnir í Lýtingsstaðahreppi gæfu ofanskráða skuldbindingu, þá er hún hjermeð af mjer samþykkt og staðfest.

Eptir þetta fullkomnaði Lárus 10 ára dvöl í Akrahreppi. Síðan hjelt hann áfram að dvelja þar, en áður en hann dveldi þar 10 ár eptir þetta, var honum á árunum 1875—1880 veittur styrkur af sveitarsjóði Lýtingsstaðahrepps, og síðan hefur hann ekki dvalið 10 ár samfleytt í Akrahreppi.

Þó það nú mætti telja sannað í máli þessu, að hreppstjórnir í Lýtingsstaðahreppi hafi fyrir hreppsinshönd gefið út skuldbinding um, að Lárus þessi Skúlason skyldi eigi verða Akrahreppi til þyngsla, þótt hann fullkomnaði þar 10 ára veru sína, getur skuldbinding hreppstjóranna eigi gjört Lárus sveitlægan í Lýtingsstaðahreppi, þrátt fyrir 10 ára dvöl hans í Akrahreppi, nema þvíadeins, að hún verði skoðuð sem ráðstöfun á honum sem ómaga, meðþviáð álita verður, að sveitarstjórnir geti eigi með samningum eða einhliða yfirlýsingum svipt einstaka menn þeim rjetti, sem hverjum manni ber samkvæmt 6. gr. fátækrareglu-gjörðarinnar 8. jan. 1834, til þess að vinna sjer sveitfesti og þarmed öll þau rjettindi, er sveitfesti fylgja, í þeim hreppi, þar sem þeir dvelja lögákveðinn tíma lögmæta sveitfestisdvöl. En meðþví nú eigi er sannað, að Lárus Skúlason hafi verið ómaga eða löglega tekinn til sveitarframfæris áður en hreppstjórnir gáfu út yfirlýsing sína, þar sem ekkert var lagt með honum, og hann

enda í löglegri vist í Flatatungu, verður að álíta, að hann hafi haft 10 ára lög- **91**
mæta sveitfestisdvöl í Akrahreppi, og úrskurðar stjórnarráðið því hjermeð, að 13. ágúst
hann hafi unnið sjer persónulega sveitfesti þar í hreppi.

Hitt er annað mál, hvort hreppstjórar Lýtingsstaðahrepps hafi eigi með
nefndri yfirlýsing sinni skuldbundið sveitarsjóð þess hrepps til þess að ábyrgj-
ast Akrahreppi allan kostnað, sem hreppurinn biði af því að Lárus yrði þar
sveitlægur. Það atriði, að Lýtingsstaðahreppur hefur borgað með honum á ár-
unum 1875—1880 bendir á, að sveitarstjórnin þar hafi viðurkennt slíka skyldu.
En hjer er um einkamál milli hreppanna að ræða, fullnægning á fjárloforði, og
ber það undir endanleg úrslit dómstólanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari
birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til stiðtsyfirvaldanna um embættislán **92
handa Breiðabólsstaðarprestakalli á Skógarströnd.** — Samkvæmt 23. ágúst

tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu í dag,
vill stjórnarráðið hjermeð veita samþykki sitt til þess, að presturinn að Breiða-
bólsstað á Skógarströnd, sjera Lárus S. Halldórsson, taki uppá prestakallið með
sem vildustum kjörum 500 kr. lán, sem endurborgist auk vaxta með jöfnum ár-
legum afborgunum á næstu 20 árum, til þess að kaupa handa prestakallinu
hlöðu þá, sem presturinn hefur byggt á staðnum úr torfi, timbri og jární, og til
túnbóta á prestssetrinu, gegn því að hlöðunni, er kaupist fyrir 360 kr. af láns-
upphæðinni, á sínum tíma verði skilað í gildu standi eða með fullu álagi. Af
lánsupphæðinni má þegar við lántökuna útborga 430 kr., en 70 kr. eigi fyr en
sannað er að túnbætur sjeu unnar fyrir að minnsta kosti 140 kr. og að vel sje
frá þeim gengið.

Erindisbrjef til bráðabirgða

fyrir

yfirmatsmann á gæðum fiskfarma í Reykjavík.

1. gr.

Yfirmatsmaðurinn skal kynna sjer sem bezt, hvernig saltfiskur skal vera
að verkun, útliti og stærð, svoað hann verði talinn fyrsta flokks vara á þeim
stöðum, þar sem helztur markaður er fyrir hann, einkum á Spáni og Ítalíu, og
hvernig fara á með fiskinn og verka hann, svoað hann verði talinn fyrsta
flokks vara.

Hann skal og kynna sjer sem bezt, hvernig fiskinum skal fyrirkoma og
um hann búa í skipum þeim, sem hann er fluttur út á, svoað hann skemmist
ekki við flutninginn.

93

12. júlí